



## Höfðaberg

### **Samspil 5 og 6 ára**

Samspil milli leik- og grunnskóla er liður í að brúa bil milli skólastiga. Þar blandast nemendur af hvoru skólastigi, 5 ára og 1. bekkur, saman í námstengdum viðfangsefnum undirbúnu af leik- og grunnskólakennurum.

Unnið er að verkefnum sem krefjast samvinnu, samskipta, einbeitingu og úthalds í vinnu og samveru. Verkefni eru hlutbundin og unnin í gegnum leik eða sköpun. Tilgangurinn með samspili er að undirbúa leikskólabörnin fyrir komandi grunnskólagöngu, kynnast börnum í grunnskólanum og húsnæði skólans.

### **Markmiðið er að :**

- nýta síðasta veturinn í leikskóla til að kynna barninu grunnskólaumhverfið
- efla og styrkja sjálfstæði leikskólabarnsins í samskiptum við grunnskólabörn
- auka færni og öryggi barnsins í nýjum aðstæðum
- auka barninu vellíðan með þann áfanga sem þar er að byrja í grunnskóla
- efla samskipti milli árganga og auka möguleika á félagavali
- stuðlar að einstaklingsmiðaðri nálgun í kennslu